

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 1/1984 **Stefán Hjaltason**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Magnúsi Hanssyni

(Arnmundur Backmann hrl.)

Vinnusamningur. Lögskráning. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 3. janúar 1984. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal tryggingarskrá sjómanna frá Tryggingastofnun ríkisins um lögskráða skipverja á v/b Brimnesi í febrúar til maí 1982, bréf Tryggingamiðstöðvarinnar 16. nóvember 1983 og bréf Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 2. desember 1983, ásamt ljósrítum af skipshafnarskrám v/b Brimness tímabilin 25. febrúar—31. mars, 1. apríl—27. apríl og 9. maí—23. maí 1982.

Fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að þegar v/b Brimnes brann og sökk í september 1983, hefðu skipsskjölin farið forgörðum, þar á meðal skipsáhafnarskráin.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu héraðsdómsins og heimvísun málsins er byggð á því, að þeirri málsástæðu stefnda, að hann hefði ekki verið lögskráður á bátinn og því ekki slysaftryggður, hafi verið mótmælt við aðalflutning málsins, en hún hafi þá fyrst komið fram. Hafi héraðsdómi borið að endurupptaka málið samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og gefa áfrýjanda kost á að afla gagna til að hnekkja umræddri staðhæfingu.

Áfrýjandi beiddist ekki frests til að afla gagna um framangreint atriði, og verður ómerkingarkrafan ekki tekin til greina, eins og hér hagar til.

Gögn þau, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, veita ekki sönnur fyrir því, að stefndi hafi verið lögskráður á v/b Brimnes með þeim hætti sem lög nr. 63/1961 áskilja. Má á það fallast, að hann hafi af þeirri ástæðu mátt slíta ráðningarsamningi aðilja, án þess að beitt verði hinu sérstæða ákvæði kjarasamnings þess, sem gildi um lögskipti aðilja og áfrýjandi skírskotar til. Og þar sem enginn tölulegur ágreiningur er í málinu, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Hjaltason, greiði stefnda, Magnúsi Hansyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 18. nóvember 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. nóvember s.l., er höfðað með stefnu, birtri 7. febrúar 1983.

Stefnandi er Magnús Hansson, nnr. 6261-7748, Stekkjarholti 9, Ólafsvík.

Stefndi er Stefán Hjaltason, nnr. 8347-0399, Faxabraut 16, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 15.370.21 ásamt 34% ársvöxtum frá 1.5. 1982 til 1.11 1982, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags (16.2. 1983), en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í váttryggingarfé m.b. Brimness, SH-257, fyrir kröfunni samkvæmt 217. gr. laga nr. 66, 1963. (Skipið fórst í september sl.). Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi starfaði sem 1. vélstjóri á vetrarvertíð 1982 á m.b. Brimnesi, SH-257, sem stefndi gerði út frá Ólafsvík, og gegndi stefndi jafnframt starfi skipstjóra. Skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður, en fram hefur verið lagt vottorð samgönguráðuneytisins um, að stefnanda hafi verið veitt undanþága sem 1. vélstjóra á m.b. Brimnesi, SH-257, tímabilið 26. febrúar til 1. júní 1982 og að undanþágan hafi verið send sýslumanninum á Patreksfirði. Að sögn stefnda hafði verið unnið við bátinn í Hafnarfirði frá miðjum janúar.

Við lok vertíðar, upp úr 20. apríl 1982 tilkynnti stefnandi stefnda, að hann vildi hætta en hélt þó áfram störfum að tilmælum stefnda, er m.b. Brimnesi var haldið til botnvörpuveida um 10. maí. Stefndi bar, að er hann hefði bent stefnanda á, að hann þyrfti að segja upp með þriggja mánaða fyrirvara hafi hann samþykkt að vinna út uppsagnarfrestinn.

Eftir tvær veiðiferðir með botnvörpu hætti stefnandi störfum án fyrirvara og án samþykkis stefnda, sem hins vegar aðvaraði stefnanda um, að hann yrði hýrudreginn. Stefnandi bar, að hann hefði sett matsveinin inn í starf vélstjóra og skýrt stefnda frá því, en sjálfur ráðist sem matsveinn á annað fiskiskip. Stefndi bar, að eftir vikutíma hafi orðið að láta matsveinin hætta vélstjórastörfum og hefði orðið að leggja bátnum, þar til vélstjóri hefði fengist, ef ekki hefði komið til leiga á bátnum á humarvertíð um 20. maí.

Krafa stefnanda er launakrafa, sem er í samræmi við uppgjör stefnda og sætir ekki tölulegum andmælum.

Málsástæður og lagarök stefnda eru þau, að hann hafi hýrudregið stefnanda, eins og hann hafði hótad honum, þar sem hann hafi horfið fyrirvara-laust úr skiprúmi, þrátt fyrir að uppsagnarfrestur vélstjóra sé þrír mánuðir samkvæmt 13. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963. Samkvæmt 8. mgr. 22. gr. kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna hafi stefnda verið heimilt að hýrudraga stefnanda um þriggja mánaða kaup. Stefndi hafi hýrudregið stefnanda um inneign hans hjá stefnda, sem sé tæplega hálf sú upphæð, sem heimildin náði til.

Stefnandi skýrði brotthvarf úr skiprúmi án lögmæltis uppsagnarfrests einkum með því, að hann hefði ekki verið lögskráður, svo og, sem hann taldi af því leiða, að hann hefði ekki notið slysatryggingar. Hann kvað ítrekað hafa verið rætt um það á vertíðinni, að skráning væri ekki „fyrir hendi.“ Stefndi bar, að hann hefði keypt slysatryggingu áhöfninni til handa hjá Tryggingamiðstöðinni h.f. um mánaðamót febrúar-mars.

Af hálfu stefnanda var lagt fram vottorð Hafþórs Rósmundssonar,

starfsmanns Sjómannasambands Íslands, þess efnis, að dagana 3. og 4. maí 1982 hefði hann verið í Ólafsvík í þeim erindum að athuga framkvæmd lögskráningar. Í ljós hafi komið, að lögskráning var í megnasta ólestri. Engin skráningarskýrsla fyrir árið 1982 hafi fundist hjá skráningarstjóra fyrir v/b Brimnes, SH-257, og virðist því ekki hafa verið skráð á bátinn það ár, þó að honum hafi verið haldið til veidda. Stefndi hefur greint þannig frá atbeina sínum að lögskráningu,“ að hann hafi „tekið nöfn og tilheyrandi á miða um borð og farið með til hreppstjóra.“ Af framangreindu þykja sönnur að því færðar, að stefndi hafi eigi sinnt þeirri skyldu sinni að sjá um, að skipverjar, þ. á m. stefnandi væru lögskráðir í skiprúmi m/b Brimness, SH-257, eins og mælt er fyrir um í II. kafla, sbr. 15. og 16. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63, 1961.

Þar sem stefnandi var ekki lögskráður eða hafði a.m.k. fullgilda ástæðu til að ætla, að svo væri ekki og að hann nyti þar af leiðandi ekki þeirrar tryggingar og þess sönnunarhagræðis um réttindi sín og lögkjör, sem lögskráningu er m.a. ætlað að veita sjómönnum, lítur dómurinn svo á, að stefnanda hafi verið heimilt að yfirgefa skiprúmið án lögmæltis uppsagnarfrests og að af hálfu stefnda verði því ekki beitt framangreindu ákvæði 8. mgr. 22. gr. kjarasamnings aðiljanna um „hýrudrátt.“

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú, að dómkröfur stefnanda verða að fullu teknar til greina. Málskostnaður ákveðst kr. 9.000.00.

Dóminn kvað upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari ásamt með-dómendunum Árna Þorsteinssyni og Ingólfi Falssyni, fyrrum skipstjórum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stefán Hjaltason, greiði stefnanda, Magnúsi Hanssyni, kr. 15.370.21 ásamt 34% ársvöxtum frá 1.5. 1982 til 1.11. 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 16.2. 1983 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Einnig greiði stefndi stefnanda málskostnað, kr. 9.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í váttryggingarfé m.b. Brimness, SH-257, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.